



Kaupmáttur launa lækkaði í desember í fyrsta skipti í langan tíma

Óbreytt launavísitala í desember

Launavísitalan var nær óbreytt milli nóvember og desember, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Breytingin á ársgrundvelli var 6% sem er svipað og verið hefur síðustu mánuði. Hækkunartaktur launa á ársgrundvelli var nokkuð stöðugur í rúmlega 7% í u.þ.b. ár, frá vori 2017 fram á vor 2018, en lækkaði þá niður í kringum 6% og hefur haldist þar síðan.

Desember var síðasti mánuður 3ja ára samningstímabils á almenna markaðnum og því kemur ekki á óvart að lítið sé að gerast. Síðasta hækkunin vegna stóru samninganna á almenna markaðnum var í maí og hefur verið nokkuð rólegt á þeim markaði síðan.

Launavísitalan hækkaði um 6,5% milli ársmeðaltala áranna 2017 og 2018, sem er eilítið minna en árið áður, þegar hún hækkaði um 6,8%. Hækkunin í fyrra var sú sama og meðalhækkunin frá árinu 1989, eða 6,5%, sem er mjög mikið í samanburði við nálæg lönd.


Kaupmáttur minnkaði í desember

Kaupmáttur hefur verið nokkuð stöðugur undanfarna mánuði, en minnkaði um 0,7% í desember. Kaupmáttur var engu að síður 2,2% meiri nú í desember en í desember árið áður. Frá áramótum 2014/2015 hefur kaupmáttur launavísitölu aukist um rúm 23%, eða tæplega 7% á ári. Það er verulega mikil aukning, bæði sögulega séð og í samanburði við önnur lönd.

Laun stóru hópanna

Sé lítið á launabreytingar stóru hópanna á einu ári, frá október 2017 til október 2018, má sjá að launahækkanir á almenna og opinbera markaðnum hafa verið áþekkar, eða rúm 6%. Laun starfsmanna ríkisins hækkuðuð mest en launahækkanir hjá sveitarfélögum minnst.


12 mánaða hækkunartaktur launa



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild


Launabróun og kaupmáttur

Vísitala, janúar 2012 = 100



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Árlegar breytingar launavísitölu



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Nú þegar kjarasamningar á öllum vinnumarkaðnum eru lausir eða við það að losna hefst jafnan mikil umræða um samanburð milli hópa. Sagan sýnir ótvírætt að launaþróun á opinbera og almenna markaðnum er mjög svipuð til lengri tíma. Yfir styttri tímabil er alltaf um einhverjar sveiflur að ræða en þær jafnast alla jafna út.

Sé þannig litið á síðustu 4 ár, sem var heildarsamningstíminn á almenna markaðnum, má sjá að laun starfsmanna á opinbera markaðnum hafa hækkað um 34,8% en laun á almenna markaðnum um 34,6% þannig að lokaniðurstaðan er sú sama. Munurinn á hópunum er mismunandi eftir tímabilum, en meðalstaða hópanna á tímabilinu öllu er sú sama. Það má því slá því föstu að laun stóru hópanna á vinnumarkaði hafi þróast með nákvæmlega sama hætti síðustu 4 ár.

Launahækkunir starfsstétta

Breyting launa eftir starfsstéttum á einu ári frá október 2017 til sama tíma 2018 var mest hjá þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólki, 7%. Laun sérfræðinga hafa hækkað áberandi minnst á þessu tímabili, einungis um 2%.

Laun innan atvinnugreina


Sé litið til atvinnugreina hafa laun hækkað mest í annars vegar flutningum og geymslustarfsemi og hins vegar í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð frá nóvember 2017, eða í kringum 7%. Laun í framleiðslu og í fjármála- og váttryggingastarfsemi hafa hækkað minnst. Launavísitalan hækkaði um 6% á þessum tíma þannig að laun í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð hafa hækkað töluvert umfram meðaltalið en laun í framleiðslu töluvert minna.

Góð staða í lok samningstímabils


Kaupmáttur lækkaði í desember að einhverju ráði í fyrsta skipti í frá upphafi ársins 2015. Á árum áður var staðan yfirleitt sú að staða kaupmáttar var orðin slæm í lok samningstímabils og þurfti þá oft að vinna til baka glataðan kaupmátt í stað þess að auka hann.

Þessi staða er allt önnur nú, kaupmáttur hefur fram til þessa verið nokkuð stöðugur sé miðað við launavísitölu og almennt má segja að þau markmið


Launaþróun á tveimur mörkuðum



Launahækkun starfsstétta okt 2017 - okt 2018



Launahækkun í atvinnugreinum okt 2017 - okt 2018





sem sett voru í síðustu kjarasamningum hafi náðst nokkuð vel.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.